

LISTIR

Í námunda við líkamann

MYNDLIST

Kjarvalsstaðir

NORRÆN FARANDSÝNING


Til 1. mars. Opið daglega kl. 10-18.

Á KJARVALSSTÖÐUM byrjaði nýtt ár með norrænu samvinnuverkefni ætlað fyrir unglinga, sem kallast „Líkamsnánd“. Þetta er farandsýning sem hóf göngu sína í Norrköping í Svíþjóð í hittifyrri en hélt svo til Finnlands, Noregs og Sjálands áður en hún lenti hér. Það er Listasafn Vestur-Sjálands í Sorø sem hefur yfirumsjón með framkvæmdinni en sýningarstjórnir eru fimm talsins, einn frá hverju Norðurlandanna.


Ef einhver á erfitt með að skýra fyrir sér orðið „Líkamsnánd“ gæti sá hinn sami reynt að velja fyrir sér upprunalega heitinu „Kropsnær“. Satt best að segja eru heitin tilraunir til að finna sómasamlega nafngift á því listræna fyrirbæri sem um árabíl hefur einkennt vestræna list og fjallar um líkamann í allri sinni holdlegu dýrð.

Nú er ekki auðvelt að nefna nákvæmlega hvenær líkamsfræðin stakk sér niður í listinni, eflaust er of langt síðan það gerðist. En ef menn leyfa sér að skoða listasöguna með gagnrýnum hætti má sjá jafnlangan, völdugan og rökfastan tilvistarstreng í nútímalistinni og þann opinbera formbyltingarstreng, sem oftast er tekinn fyrir þrímur mótur allrar myndlistar. Frá Munch til Picassos, de Chiricos, Duchamps, Ernst, Giacomettis, Bellmer, Kahlo, Bacons, Dubuffets, T'apiés, Klein, Beuys, Nitsch, Bourgeois, Naumans, Abramovic, Rebeccu Horn, Mike Kelleys, Cindy Sherman og Damians Hirst er ekkert ómerkilegri, óframsæknari né órökréttari framvinda en sú sem rekja má frá Picasso til Malevich, Rodchenkos og Carls André, eða frá Duchamp til Magritte, og þaðan til Manzonis og Kosuth.

Listasagan er ekki eins og einþátta pizza heldur lasagna á mörgum hæðum. Þá skipan mála höfum við Íslendingar oft átt erfitt með að sætta okkur við vegna stuttrar fjölstefnuhefðar, eða plúralisma. Þannig átti súrrealisminn aldrei upp á pallborðið hjá okkur þegar hann var og hét, og nú vill það koma okkur í koll hversu illa við skiljum forsendur hans. Súrrealisminn er nefnilega nákomnastur undanfari nútíma líkamslistar, og líkt og „afa gamla“ er samtímalegri líkamslist ekki síst beint gegn fagurfræðilegum forsendum hefðbundinnar líkamstjónar þar sem



ADEINS þegar ég hlæ, samstilling eftir Iben Dalgaard, frá 1996.



STATUS, eftir Porvald Þorsteinsson. Hluti úr ljósmyndaröð frá 1991.

vegna hafði hún ekki samband við Hallgrím Helgason, mann sem einmitt fjallar um kroppinn og útlitið í flútt við forskrift sýningarinnar?

Þá eru Haraldur Jónsson, Steingrímur Eyfjörð og ekki síst Ragnhildur Stefánsdóttir fjárrí góðu gamni en öll hafa þau um árabíl gert innri virkni líkamans að áberandi inntaki í list sinni. Hlynur Helgason og Hekla Dögg Jónsdóttir hefðu einnig verið afbragðskostur. Erótískar glassúrkleinur Heklu og rjómafylltir nælonsokkar hefðu hitt íslenska skólaæsku beint í hjartastað. Eins saknar maður Gjöningaklúbbsins, kryddpianna okkar krassandi á hvítu sloppunum sínum, rekandi erótíska einkaklíník sína eins og fjögurra generála ofurherráð. Af nógu er að taka hafi sýningarstjóri á annað borð einhverja yfirsýn.

Það sem hjargar andliti okkar er að hinir sýningarstjórnir eru heldur ekki vandanum vaxnir, ef frá er talin Dorthe Abildgaard, greinilegur hugsuður sýningarinnar. Hvar eru jafnfrábærir líkamslitarmenn og Eija-Liisa Ahtila, Marianna Uutinen, Peter Hagdahl, Stig Sjölund, Cecilia Edefalk, Lars Nilsson, Année Olofsson eða Anne Lise Stenseth?

En ef frá er talin Marianne Lindberg de Geer og risaverk hennar *Eg hugsa um sjálfa mig*, samstilling Iben Dalgaard *Only when I laugh*, að skjánum undanþegnum, Christian Lemmerz, Mari Rogers og *Útlínur norrænnar návistar* og myndband Satu Kiljunen - 16 kg + 16 kg „*Til heiðurs klassíkinni*“, er ósköp lítið þúdur eftir handa skólabornunum. Fyrir þau þarf listin að vera snörp og leikandi. Miðað við umfang er alltof lítið af slíkri nánd í „Líkamsnánd“.

Halldór Björn Runólfsson

kroppurinn er skilgreindur án allra tengsla við sálarlíf þess sem íklæðist honum.

Hið klassíska viðmið, sem býður mönnum að skoða líkamann að utanverðu sem vel heppnaða og guðdómlega formheild óháð því sem hrærist innanskinns er þ.a.l. í fullkominni andstöðu við þau sjónarmið sem liggja til grundvallar „Líkamsnánd“. Kroppurinn sem allegorísk tákmynd í göfugu samneyti við náttúruöflin er heldur ekki viðmið sýningar sem þessarar. Slíkir kroppar er nefnilega umvafðir þeirri áru sem Walter heitinn Benjamin kvað alltaf jafnfjarlægja hversu nálæg sem hún væri.

Þetta virðist hafa farið fyrir ofan garð og neðan hjá mörgum sýningarstjórnanna en engum eins herflega og þeim sem valdi íslensku listamennina á sýninguna. Fáum dylst ágæti þeirra Helga Þorgils, Daða Guðbjörnssonar eða Birgis Snæbjarnar, og flestir sjá fyrir hvað þeir standa. Þess vegna er það óskiljanlegt hvers vegna þeim var troðið inn í samhengi, sem í reynd gengur öndvert á list þeirra.

Pótt Þorvaldur Þorsteinsson og Hulda Hákon séu miklu heppilegri fulltrúar í því samhengi sem sýningin markar verða þau óþarflega berskjölduð innan um norræna kollega sína. Ein og sér ná þau nefnilega ekki að staðfesta þau sérkenni sem setja mark sitt á íslenska líkamsnánd. Þarna hefði Þorbjörg Gunnarsdóttir þurft að vinna heimavinnuna sína mun ítarlegar en raun ber vitni. Hvers

Undra- og undirheimar óperunnar

Í TILFNI af sýningum Íslensku óperunnar á ítölsku óperunni Ástardrykknum eftir Donizetti býður Óperan upp á þá nýjung, að kynna óperuna og óperuhúsið innandyra, eina kvöldstund á æfingatímabilinu.

Gestum verður boðið að líta baksviðs og til búningsherbergja, fylgjast með stuttu broti af æfingu söngvara og leikstjóra og einnig verður kynning á efni óperunnar og höfundi hennar.

Kynningar verða í dag fimmtudaginn 29. janúar kl. 20 og mánudaginn 2. febrúar kl. 18.45.

ÁHRIFARÍK HEILSUEFNI

HÁRKÚR, FJÖLVÍTAMÍN & STEINEFNI ESTER C

Fæst í mörgum heilsubúðum, apótekum og mörkuðum.



Áhrifaríkur hárkúr
Vítamín, steinefni, aminósýrur, prótein og valdar jurtir. Hugsaðu vel um hárið.



Healthilife
tryggir gæðin. Náttúrulegt E-500. Óflug oxunarvörn fyrir frumurnar.



Ester C
Margföld áhrif. Fer vel í maga. EC-200, EC-500 og EC-Plus með zínki, seleni, magnesíum og kalki.

BÍO-SELEN UMBODIÐ
Sími 557 6610

50 sýningar á Listaverkinu

FIMMTUGASTA sýning á Listaverkinu eftir Yasminu Reza, sem Þjóðleikhúsið sýnir í Loftkastalanum verður á morgun, föstudag.

Listaverkið er franskur gamanleikur sem frumsýndur var á liðnu vori á Litla sviði Þjóðleikhússins og var sýndur þar fram á haust, en var þá fluttur í Loftkastalann, þar sem sætaframboð er meira og þar hafa sýningar gengið síðan.

Listaverkið segir frá þremur karlmönnum sem hafa verið vinir árum saman en lenda í gráttroslegri tilvistarkreppu þegar einn þeirra fjárfestir í rándýru málverki.



INGVAR E. Sigurðsson, Hilmir Snær Guðnason og Baltasar Kormákur í hlutverkum.

Leikendur eru Ingvar E. Sigurðsson, Hilmir Snær Guðnason og Baltasar Kormákur. Guðjón Ketilsson myndlistarmaður er höfundur leikmyndar

og búninga, Guðbrandur Ægir hannaði lýsingu og Pétur Gunnarsson rithöfundur þýddi verkið. Leikstjóri er Guðjón Pedersen.